

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

- Að gönguþverun yfir Réttarholtsveg við Hæðargarð verði merkt sem gangbraut.
- Að bifreiðastæði við Túngötu 3 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
- Að bifreiðastæði við Hverfisgötu 88 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
- Að tvö bifreiðastæði við Höfða, Félagstúni, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu stjórnvísu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 24. ágúst 2023.

Jóhanna Guðjónsdóttir lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 7. september 2023